

# Lán til námsmanna vegna skólagjalda

Nóvember 2015



**ANALYTICA**  
ÁHÆTTU- OG FJÁRFESTINGARÁÐGGJÖF

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Samantekt.....	3
1 Inngangur .....	3
2 Námsmenn erlendis .....	4
2.1 Fjölmennustu lönd á meðal umsækjenda um skólagjaldalán erlendis .....	4
2.2 Fjölmennustu námsgreinar á meðal umsækjenda um skólagjaldalán erlendis.....	5
2.3 Áætluð skólagjöld umfram hámark skólagjaldalána námsmanna erlendis .....	5
2.4 Sögur námsmanna erlendis.....	10
3 Námsmenn á Íslandi.....	13
3.1 Fjölsóttasta nám á meðal umsækjenda um skólagjaldalán á Íslandi .....	13
4 Könnun á meðal lánasjóða á Norðurlöndunum.....	15
5 Niðurstöður.....	16
5.1 Seinni áfangi verkefnisins – greining á útfærslum á hámarki skólagjaldalána .....	16
6 Viðauki – Fjöldi námsmanna yfir hámarki námslána í hverju landi .....	18
7 Viðauki - Námsmenn í Bandaríkjunum, Englandi og Hollandi .....	19
7.1 Greining á námsgrein og námsstigi nemenda í fullu námi og hlutanámi í Bandaríkjunum, Englandi og Hollandi .....	19

## Samantekt

Skólagjöld umsækjenda skólagjaldalána hjá LÍN voru metin fyrir alla námsmenn sem fengu skólagjaldalán árin 2010-2014 í þeim tilgangi að kanna hlutfall þeirra sem fá ekki að fullu lán fyrir skólagjöldum. Við athugunina kom eftirfarandi í ljós:

- Hlutfall námsmanna erlendis sem fá að fullu lánað fyrir skólagjöldum að frádregnum styrk og þurfa þannig ekki að brúa það sem upp á vantar með eigin framlagi er 72%.
  - Hlutfall þeirra sem fá ekki lánað að fullu fyrir skólagjöldum er 28% og er meðaltal þeirrar upphæðar sem ekki fæst lánað fyrir um 1,5 m.kr.
- Hlutfall þeirra sem þiggja skólagjaldalán á Íslandi en fá að fullu lánað er um 90%.
  - Hlutfall þeirra sem fá ekki lánað að fullu fyrir skólagjöldum er 10% og er meðaltal þeirrar upphæðar sem ekki fæst lánað fyrir um 1,1 m.kr.
- Hlutfall allra sem þiggja skólagjaldalán og fá lánað að fullu er um 82%.

## 1 Inngangur

Skýrsla þessi er unnin að beiðni framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Skýrslan er unnin af hagfræðingnum Halldóri Andersen M.Sc. og Vigni Jónssyni auk Yngva Harðarsonar MA.

Skýrslan er sú fyrri af tveimur og er viðfangsefnið að meta hlutfall námsmanna í hverju landi sem ekki fá lán að fullu fyrir skólagjöldum. Ennfremur er í skýrslunni lagt mat á meðaltal þeirrar fjárhæðar sem er umfram hámark lánveitingar frá LÍN, fyrir námsmenn erlendis annars vegar og á Íslandi hins vegar. Í skýrslunni eru útlustuð fjölsóttustu lönd á meðal námsmanna sem þiggja skólagjaldalán. Þá er einnig fjallað um fjölsóttar námsgreinar á meðal námsmanna sem þiggja skólagjaldalán erlendis og hérlendis.

Rakið er sögulegt meðaltal skólagjalda og afgreiddra skólagjaldalána námsmannahópa fyrir hvert ár í sex fjölmennustu námsgreinunum. Út frá greiningu á greiddum skólagjöldum og afgreiddum skólagjaldalánnum fyrir fjölsóttustu námsgreinar ár hvert má draga ályktun um það hvort skólagjaldalán sjóðsins dugi almennt fyrir skólagjöldum námsins í heild.

Í þeim tilgangi að varpa ljósi á fyrirkomulag skólagjaldalána á Norðurlöndunum þá sendi LÍN könnun til annarra norrænna lánasjóða. Nánar er fjallað um útkomu könnunarinnar í kafla 4. Þó svo að fyrirkomulag við úthlutun á styrkjum og lánum sé afar mismunandi á milli lánasjóða á Norðurlöndum þá hjálpar slík greining við að varpa fram mikilvægum spurningum í tengslum við fyrirkomulag úthlutunar LÍN.

Að lokum er fjallað um mögulegar útfærslur varðandi ákvörðun á hámarki skólagjaldalána sjóðsins. Ákvörðun um ýmis atriði svo sem styrki, árlegt hámark námslána og hámark námslána yfir skólaferilinn eru pólitísk úrlausnarefni. Engu að síður mætti gera athugun á því hvaða samspil á árlegu hámarki og skólaferilshámarki myndi gefa flestum nemendum færi á að stunda nám erlendis án þess að stofna til eigin útgjalda.

## 2 Námsmenn erlendis

Samkvæmt úthlutunarreglum LÍN er hámark á lánnum til skólagjalda námsmanna. Hámarkið er uppgæfið í mynt í hverju landi fyrir sig og er því breytilegt í krónum á milli landa. Hámark í hverri mynt hefur verið óbreytt yfir gagnatímabilið, árin 2010-2014. Þetta þýðir að nokkur munur er á hámarki lánsfjárhæða milli mynsvæða eftir að þau hafa verið umreiknuð yfir í ISK. Í greiningu Analytica er fylgt eftir námsferlum einstakra námsmanna en þannig má sjá uppgæfin skólagjöld og afgreidd lán ár hvert frá 2010 til 2014. Lán sem námsmaður getur fengið á hverju ári miðast við lengd náms og námsframvindu<sup>1</sup>. Við greininguna er notast við meðalgengi sem fengið er af vefsíðu Seðlabanka Íslands<sup>2</sup> í júní 2015.

### 2.1 Fjölmennustu lönd á meðal umsækjenda um skólagjaldalán erlendis

Í töflu 2-1 er birt samantekt á lánnum vegna skólagjalda eftir löndum fyrir 20 fjölmennustu lönd meðal umsækjenda um skólagjaldalán hjá LÍN. Í töflunni er birt samtala skólagjalda, afgreiddra lána, styrkja og mismunur skólagjalda og afgreiddra lána að frádregnum styrk en lán skerðast ef styrkur frá skóla eða öðrum er veittur fyrir skólagjöldum. Taflan er flokkuð eftir fjölda námsmanna í hverju landi og sýnir fjölsóttustu lönd á meðal umsækjenda skólagjaldalána hjá LÍN. Þá er í töflunni birt meðal skólagjöld á nemanda, meðal lán á nemanda og hlutfall lána af skólagjöldum að frádregnum styrk, í töflunni nefnt láns hlutfall.

Tafla 2-1. Samtala skólagjalda, í íslenskum krónum, og fjöldi námsferla í hverju landi.

Land	Skólagjöld (m.kr.)	Styrkur (m.kr.)	Skólagj.-lán (m.kr.)	Mism. (m.kr.)	Fjöldi nem.	Skólagj. á nemanda	Lán á nemanda	Láns-hlutfall
Bandaríkin	3.310	853	1.841	616	642	3.826.928	2.867.717	74,9%
England	1.787	48	1.397	342	562	3.093.933	2.485.896	80,3%
Holland	136	0	110	27	230	592.677	477.322	80,5%
Ungverjaland	545	0	487	58	153	3.561.144	3.185.091	89,4%
Skotland	433	15	341	77	141	2.964.412	2.419.264	81,6%
Spánn	312	1	291	19	129	2.409.266	2.259.495	93,8%
Danmörk	158	0	146	12	111	1.419.867	1.311.944	92,4%
Kanada	268	12	210	46	100	2.563.277	2.102.861	82,0%
Ítalía	189	0	176	13	80	2.360.593	2.199.862	93,2%
Slóvakía	157	0	138	19	76	2.060.544	1.813.450	88,0%
Grikkland	248	0	233	15	74	3.357.720	3.153.005	93,9%
Þýskaland	86	0	71	15	73	1.178.857	968.449	82,2%
Ástralía	168	2	150	16	58	2.864.426	2.594.145	90,6%
Sviss	131	2	110	18	53	2.431.477	2.084.557	85,7%
Frakkland	76	0	68	8	33	2.315.610	2.069.843	89,4%
Noregur	48	0	45	3	29	1.651.782	1.543.513	93,4%
Austurríki	20	0	16	4	23	877.066	702.802	80,1%
Belgía	13	0	11	2	19	680.780	598.450	87,9%
Írská lýðveldið	18	0	16	2	17	1.019.298	914.723	89,7%
Svíþjóð	48	0	34	14	17	2.847.452	2.000.150	70,2%
<b>Meðaltal</b>						<b>2.203.855</b>	<b>1.887.627</b>	<b>86,0%</b>

Eins og sjá má í töflunni eru flestir umsækjendur um skólagjaldalán í námi í Bandaríkjunum. Þar á eftir kemur England og í þriðja sæti er Holland. Samanlögð skólagjöld eru einnig hæst í Bandaríkjunum eða um 3,3 ma.kr. en skólagjöld í Englandi eru rétt rúmur helmingur þeirrar fjárhæðar eða tæplega 1,8 ma.kr. Þrátt fyrir að fjöldi umsækjenda í námi í Englandi sé tæplega 90% af þeim fjölda sem er í námi í Bandaríkjunum.

<sup>1</sup> Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2015-2016.

<sup>2</sup> <http://www.seðlabanki.is>

## 2.2 Fjölmenustu námsgreinar á meðal umsækjenda um skólagjaldalán erlendis

Í töflu 2-2 er birt úttekt á fjölmenustu námsgreinum fyrir hvert námsstig meðal umsækjenda um skólagjaldalán vegna náms erlendis. Tafla 2-2 er sundurliðuð á námsgrein og námsstig. Í töflunni er birt samtala skólagjalda, afgreiddra lána, styrkja og mismunur skólagjalda og afgreiddra lána að frádregnum styrk en lán skerðast ef styrkur frá skóla eða öðrum er veittur fyrir skólagjöldum. Taflan er flokkuð eftir fjölda námsmanna í hverri námsgrein og sýnir fjölsóttustu námsgreinar á meðal umsækjenda skólagjaldalána hjá LÍN. Þá er í töflunni birt meðal skólagjöld á nemanda, meðal lán á nemanda og hlutfall lána af skólagjöldum að frádregnum styrk, í töflunni nefnt lánshlutfall. Námsstig skv. flokkun LÍN er skilgreint í töflu 2-3.

**Tafla 2-2. Samtala skólagjalda, styrks og afgreiddra lána sundurliðuð á námsgrein og námsstig.**

Námsgrein	Náms- stig	Skólagj. (m.kr.)	Styrkur	Skólagj.- lán (m.kr.)	Mism. (m.kr.)	Fjöldi nem.	Skólagj. á nemanda	Lán á nemanda	Láns- hlutfall
Læknisfræði	83	659	0	588	70	203	3.244.278	2.897.660	89,3%
Leiklist	80	371	31	255	85	93	3.658.757	2.743.516	75,0%
Flugvirkjun	80	316	0	278	38	84	3.757.920	3.306.968	88,0%
Logfræði	81	288	37	203	49	76	3.309.007	2.669.890	80,7%
Viðskiptafræði	80	292	98	165	28	76	2.544.367	2.169.623	85,3%
Verkfræði	81	199	5	170	24	75	2.589.855	2.273.004	87,8%
Hljóðupptaka	80	149	1	124	24	68	2.181.007	1.825.730	83,7%
Fatahonnun	80	133	3	114	15	56	2.316.446	2.042.973	88,2%
Tónlist	80	171	26	92	54	53	2.752.036	1.735.700	63,1%
Honnun	80	150	8	110	33	47	3.030.865	2.337.491	77,1%
Innanhússarkitektúr	80	126	1	112	13	47	2.660.797	2.391.486	89,9%
Viðskiptafræði	81	198	23	141	34	47	3.738.642	3.009.647	80,5%
Ljósmyndun	80	159	12	110	37	46	3.195.523	2.394.208	74,9%
Sálarfræði	81	70	10	53	7	37	1.623.699	1.441.024	88,7%
Kvikmyndagerð	80	96	1	77	18	36	2.640.166	2.152.338	81,5%
Grafísk honnun	80	107	10	82	15	35	2.765.351	2.343.993	84,8%
Hagfræði	81	95	15	73	7	34	2.356.923	2.136.927	90,7%
Myndlist	80	52	4	34	14	32	1.505.970	1.053.956	70,0%
Myndlist	81	78	1	62	14	29	2.648.732	2.154.115	81,3%
Arkitektúr	81	60	10	43	7	28	1.801.587	1.545.686	85,8%
<b>Meðaltal</b>							<b>2.716.096</b>	<b>2.231.297</b>	<b>82,3%</b>

**Tafla 2-3. Skilgreining á námsstigi.**

Nr. námsstigs	Námsstig
80	Grunnám
81	Meistaránám
82	Doktorsnám
83	Grunnám sem lýkur með meistaragráðu
84	Meistaránám sem lýkur með doktorsgráðu

Flestir nemendur sem sóttu um skólagjaldalán á greiningartímabilinu (2010-2014) lögðu stund á nám í læknisfræði og hér sést að fjöldi læknisfræðinema er rúmlega tvöfalt meiri en fjöldi nema í leiklist, sem er næst fjölsóttasta námið á tímabilinu.

## 2.3 Áætluð skólagjöld umfram hámark skólagjaldalána námsmanna erlendis

Í þessum kafla er reynt að leggja mat á það hve margir umsækjendur um skólagjaldalán fá ekki að fullu lánað fyrir skólagjöldum á námsferlinum vegna hámarks á skólagjöld. Þá er jafnframt reynt að leggja mat á það hversu mikið umsækjendur þurfa að meðaltali að greiða í skólagjöld umfram hámark úthlutunar í þeim tilvikum þar sem skólagjöld eru umfram námslán.

Í töflu 2-4 má sjá meðaltal uppsafnaðra skólagjalda, afgreiddra lána og styrkja yfir námsferil umsækjenda um skólagjaldalán í tilteknu námi eftir námsstigi í hverju landi. Í töflunni eru birtar 50 fjölmennustu námsgreinarnar meðal umsækjenda sundurliðað á lönd. Námsgreinum er raðað eftir fjölda nemenda í hverri námsgrein í hverju landi fyrir sig þar sem fjölmennasta námsgreinin er efst. Fjöldi nemenda í 50 fjölmennustu námsgreinunum er 1.055 eða 36,5% umsækjenda um skólagjaldalán erlendis.

Í töflunni má einnig sjá áætluð skólagjöld námsferils miðað við gefnar forsendur um lengd náms<sup>3</sup>. Fjárhæðin er áætluð út frá meðal skólagjöldum á ári margfaldað með áætlaðri lengd námsins. Þá er í aftasta dálki töflunnar birt áætluð meðalfjárhæð sem námsmaður í hverri námsgrein þarf að greiða umfram hámark námslána. Fjárhæðin er mismunur áætlaðra skólagjalda og hámarks námsláns.

**Tafla 2-4. Skólagjöld og hámark námslána erlendis, 50 fjölmennustu námsgreinar**

Námsgrein	Land	Náms- stig	Skóla- gjöld	Afgreidd lán	Styrkur	Fjöldi nem.	Fjöldi ára í námi	Áætl.lengd náms	Áætl.skóla gj.náms	Hámark	Áætl. mism.
Læknisfræði	Ungverjaland	83	3.886.013	3.484.671	0	127	2,72	6	8.572.087	7.393.999	1.178.088
Flugvirkjun	Grikkland	80	3.367.545	3.161.324	0	73	2,08	3	4.857.036	5.894.000	0
Læknisfræði	Slóvakía	83	2.107.425	1.847.656	0	69	1,51	6	8.373.875	7.393.999	979.876
Leiklist	England	80	4.491.879	3.238.075	7.479	48	1,81	3	7.432.706	5.621.110	1.811.596
Viðskiptafræði	Bandaríkin	80	4.578.762	2.109.722	2.092.768	44	1,91	3	3.904.703	5.952.177	0
Lögfræði	Bandaríkin	81	6.273.629	4.154.769	1.116.434	32	1	1	5.157.195	5.952.177	0
Tónlist	Bandaríkin	80	5.742.896	2.911.999	950.236	26	1,65	3	8.713.927	5.952.177	2.761.750
Verkfræði	Bandaríkin	81	4.669.490	4.057.416	97.064	26	1,38	2	6.626.703	5.952.177	674.526
Leiklist	Bandaríkin	80	4.423.415	2.724.342	961.893	25	1,52	3	6.831.951	5.952.177	879.774
Innanhússarkitektúr	Spánn	80	2.508.781	2.288.576	0	23	1,91	3	3.940.494	5.894.000	0
Hljóðupptaka	England	80	2.529.343	2.161.695	0	21	1,67	3	4.543.730	5.621.110	0
Myndlist	Holland	80	508.407	396.736	0	21	1,9	3	802.747	5.894.000	0
Snyrtifræði	Danmörk	80	934.598	880.548	0	21	1,19	3	2.356.129	5.828.020	0
Fatahönnun	Danmörk	80	2.072.157	1.959.057	0	20	1,6	3	3.885.295	5.828.020	0
Hönnun	England	80	3.375.518	2.500.409	15.386	20	1,7	3	5.929.644	5.621.110	308.534
Tónlist	Holland	80	530.725	415.719	0	20	2,05	3	776.671	5.894.000	0
Verkfræði	Bandaríkin	80	5.110.689	2.040.633	1.950.025	19	1,63	3	5.817.172	5.952.177	0
Viðskiptafræði	Bandaríkin	81	4.892.325	2.922.183	894.446	18	1,28	2	6.246.686	5.952.177	294.509
Hljóðupptaka	Holland	80	1.435.908	1.283.453	0	17	1,29	3	3.339.322	5.894.000	0
Hótelrekstrafræði	Svíss	80	3.910.477	2.910.793	0	16	1,31	3	8.955.291	8.234.367	720.924
Leiklist	Danmörk	80	1.178.569	1.050.987	28.091	16	1,31	3	2.634.683	5.828.020	0
Ljósmyndun	England	80	3.154.438	2.397.293	12.822	16	1,94	3	4.858.169	5.621.110	0
Sálarfræði	Holland	81	298.190	218.852	0	16	1,12	2	532.483	5.894.000	0
Fatahönnun	Spánn	80	2.086.466	1.916.306	0	15	1,47	3	4.258.094	5.894.000	0
Flugvirkjun	Skotland	80	4.655.633	3.133.912	0	15	1,87	3	7.468.930	5.621.110	1.847.820
Hagfræði	Bandaríkin	80	3.439.054	1.028.048	2.315.077	15	1,27	3	2.655.062	5.952.177	0
Líffræði	Bandaríkin	80	3.735.250	1.625.561	1.824.605	15	1,6	3	3.582.458	5.952.177	0
Fornám	Ungverjaland	80	721.426	604.146	0	14	1,07	3	2.022.689	5.894.000	0
Hagfræði	England	81	3.418.502	2.881.361	177.953	14	1,14	1	2.842.587	5.621.110	0
Lögfræði	England	81	2.773.057	2.270.380	48.357	14	1	1	2.724.700	5.621.110	0
Hönnun	Bandaríkin	80	4.566.918	3.011.492	570.041	13	2,31	3	5.190.749	5.952.177	0
Leikhúsfræði	England	80	4.787.791	3.215.521	27.616	13	1,92	3	7.437.772	5.621.110	1.816.662
Sálarfræði	Bandaríkin	81	3.427.802	2.411.135	694.317	13	1,69	2	3.234.894	5.952.177	0
Verkfræði	England	81	2.757.989	2.366.058	0	13	1	1	2.757.989	5.621.110	0
*Kaospilot	Danmörk	80	1.712.569	1.613.850	0	12	1,83	3	2.807.490	5.828.020	0
Tónlist	Holland	81	425.927	321.653	0	12	1,58	2	539.149	5.894.000	0
Verkfræði	Holland	81	512.164	384.534	0	12	1,92	2	533.504	5.894.000	0
Innanhússarkitektúr	Ítalía	80	2.796.368	2.699.907	0	11	2	3	4.194.552	5.894.000	0
Lögfræði	Holland	81	816.386	658.655	0	11	1	2	1.632.772	5.894.000	0
Spænska f. útlendinga	Spánn	80	229.531	938.807	0	11	1,09	3	631.737	5.894.000	0
Viðskiptafræði	England	81	4.597.412	3.011.471	421.490	11	1,09	1	3.831.121	5.621.110	0
Fagrar listir	England	80	3.441.043	2.645.368	92.318	10	1,7	3	5.909.515	5.621.110	288.405
Grafísk hönnun	Spánn	80	2.917.898	2.717.797	0	10	2,2	3	3.978.952	5.894.000	0
Hljóðupptaka	Bandaríkin	80	2.938.945	2.136.130	60.790	10	1,3	3	6.641.894	5.952.177	689.717
Kvikmyndagerð	Tékkland	80	2.230.142	1.964.618	0	10	1	3	6.690.427	5.894.000	796.427
Lögfræði	Skotland	81	2.626.946	1.951.264	0	10	1	2	5.253.892	5.621.110	0
Stjórnáfræði	England	81	2.988.482	2.658.847	82.060	10	1	1	2.906.422	5.621.110	0
Grafísk hönnun	Ítalía	80	2.809.637	2.615.790	0	9	1,89	3	4.459.741	5.894.000	0
Kvikmyndagerð	Bandaríkin	80	3.064.254	2.016.527	44.990	9	1,44	3	6.290.133	5.952.177	337.956
Ljósmyndun	Bandaríkin	80	5.894.305	2.750.989	1.266.469	9	1,67	3	8.313.478	5.952.177	2.361.302

<sup>3</sup> Almennt er áætluð lengd náms er skilgreind skv. Bolgnaferlinu, þ.e. að lengd náms í grunnnámi sé 3 ár, meistaranámi 2 ár og doktorsnámi 3 ár. Undantekningar eru þó á þessari reglu fyrir meistaranám í Bretlandi og meistaranám í lögfræði í Bandaríkjunum, þar sem miðað er við að námslengd sé eitt ár.

Dæmi um það hvernig áætlaður mismunur er reiknaður: fyrir nemendur í leiklist í Englandi eru skólagjöld að meðaltali 4.491.871 kr. yfir námsferilinn, frá þeirri fjárhæð er meðaltal styrkja upp á 7.479 kr. dreginn frá sem gefur skólagjöld upp á 4.484.399 kr. að teknu tilliti til styrkja. Deilt er í skólagjöld að teknu tilliti til styrkja með fjölda ára í námi sem er 1,81 í umræddu tilviki. Þá fæst út fjárhæðin 2.477.569 kr. sem skilgreina má sem árleg skólagjöld að teknu tilliti til styrkjar í umræddu dæmi. Sú fjárhæð er síðan margfölduð með áætlaðri lengd náms og fæst þá út fjárhæðin í dálknum sem er áætluð skólagjöld náms að teknu tilliti til styrkjar, í þessu tilviki 7.432.706 kr. Reiknaður mismunur þessarar fjárhæðar og þess hámarks sem LÍN veitir í lán (í umræddu tilviki 5.621.110 kr.) er 1.811.596 kr. sem er áætlaður mismunur. Sé mismunur á áætluðum skólagjöldum náms og hámarki neikvæður birtist núll í dálknum.

Sú nálgun sem hér er farin við að áætla mismun á skólagjöldum og hámarki námslána er ekki fullkomin. Með notkun á meðaltali er til að mynda ekki gert ráð fyrir að skólagjöld séu breytileg frá ári til árs. Þá getur lengd náms verið mismunandi á milli skóla þrátt fyrir að um sambærilegt nám sé að ræða. Þannig getur það t.d. verið mismunandi hvort meistaranám í ákveðnum námsgreinum í Bandaríkjunum og fleiri löndum sé eitt, eitt og hálf eða tvö ár. Hér er hins vegar miðað við það að meistaranám sé almennt tvö ár. Það er þó mat Analytica þrátt fyrir ofangreinda fyrirvara að sú nálgun sem hér er notast við sé fullnægjandi þegar horft er á heildarmyndina. Þá má fá annars konar mat með ítarlegri greiningum m.a. með því að skoða betur fjárhæðir námslána á hverju ári í hverri námsgrein fyrir sig. Gert er grein fyrir slíkri greiningu í kafla 2.4.


Eins og sjá má í töflunni eru flestir umsækjendur um skólagjaldalán hjá LÍN sem sóttu nám í læknisfræði í Ungverjalandi eða 127 nemendur. Næst flestir eru í flugvirkjun í Grikklandi eða 73.

Í 34 af þeim 50 námsgreinum sem birtar eru í töflu 2-4 duga námslán fyrir skólagjöldum. Þá er áætlað að námslán dugi fyrir 72% umsækjenda um námslán miðað við ofangreindar forsendur. Eins og áður hefur komið fram er miðað við að meistaranám í Bandaríkjunum sé tvö ár. Analytica kannaði hvaða áhrif það hefði að miða við að meistaranám í Bandaríkjunum sé eitt ár. Við þá breytingu, breytist það hlutfall námsmanna þar sem námslán LÍN duga fyrir skólagjöldum úr 72% í 75%.

Þeir nemendur í þeim 50 námsgreinum sem birtar eru í töflu 2-4, sem þurfa að leggja fram mesta fjármuni til að dekkja skólagjöld umfram þá fjárhæð sem lánuð er af LÍN eru þeir sem stunda grunnám í tónlist í Bandaríkjunum. Námsmenn í námsgreininni þurfa að meðaltali að leggja til tæplega 2,8 m.kr. yfir námsferilinn til að dekkja skólagjöld vegna námsins. Í töflunni má sjá að í því tilviki er um 26 nemendur að ræða.

Dreifing þeirrar fjárhæðar á nemendur þar sem skólagjöld eru umfram hámarks lánveitingar LÍN er birt á mynd 1. Á lárétta ás myndarinnar má sjá þá fjárhæð sem viðkomandi nemendur þurfa að leggja til þar sem hver súla myndarinnar tákna 500 þús.kr. bil. Á lóðrétta ás myndarinnar eru fjöldi nemenda. Rauða brotalínan á myndinni er við rúmlega 1,5 m.kr. og sýnir þá fjárhæð sem áætlað er að hver nemandi þurfi að meðaltali að leggja til umfram lán hjá LÍN til að dekkja skólagjöld.

### Mynd 1. Dreifing áætlaðs mismunar



Á mynd 1 má sjá að útgjöld flestra nemenda fellur neðan við meðaltalið, þannig eru um 120 sem þurfa að leggja 0-500 þús.kr. til skólagjalda umfram það hámark sem LÍN lánar. Þá eru flestir, eða um 220, í hópnum sem þurfa að leggja til 500 til 1.000 þús.kr. til skólagjalda.

Tafla 2-5 er sambærileg töflu 2-4 en þar er yfirlit yfir 25 fjölmennustu námsgreinarnar í grunnnámi.

**Tafla 2-5. Skólagjöld og hámark námslána í grunnnámi erlendis, 25 fjölmennustu greinarnar**

Námsgrein	Land	Náms- stig	Skóla- gjöld	Afgreidd lán	Styrkur	Fjöldi nem.	Fjöldi ára í námi	Áætl.lengd náms	Áætl.skóla gj.náms	Hámark	Áætl. mism.
Flugvirkjun	Grikkland	80	3.367.545	3.161.324	0	73	2,08	3	4.857.036	5.894.000	0
Leiklist	England	80	4.491.879	3.238.075	7.479	48	1,81	3	7.432.706	5.621.110	1.811.596
Viðskiptafræði	Bandaríkin	80	4.578.762	2.109.722	2.092.768	44	1,91	3	3.904.703	5.952.177	0
Tónlist	Bandaríkin	80	5.742.896	2.911.999	950.236	26	1,65	3	8.713.927	5.952.177	2.761.750
Leiklist	Bandaríkin	80	4.423.415	2.724.342	961.893	25	1,52	3	6.831.951	5.952.177	879.774
Innanhússarkitektúr	Spánn	80	2.508.781	2.288.576	0	23	1,91	3	3.940.494	5.894.000	0
Hljóðupptaka	England	80	2.529.343	2.161.695	0	21	1,67	3	4.543.730	5.621.110	0
Myndlist	Holland	80	508.407	396.736	0	21	1,9	3	802.747	5.894.000	0
Snyrtifræði	Danmörk	80	934.598	880.548	0	21	1,19	3	2.356.129	5.828.020	0
Fatahönnun	Danmörk	80	2.072.157	1.959.057	0	20	1,6	3	3.885.295	5.828.020	0
Hönnun	England	80	3.375.518	2.500.409	15.386	20	1,7	3	5.929.644	5.621.110	308.534
Tónlist	Holland	80	530.725	415.719	0	20	2,05	3	776.671	5.894.000	0
Verkfræði	Bandaríkin	80	5.110.689	2.040.633	1.950.025	19	1,63	3	5.817.172	5.952.177	0
Hljóðupptaka	Holland	80	1.435.908	1.283.453	0	17	1,29	3	3.339.322	5.894.000	0
Hótelrekstrafræði	Sviss	80	3.910.477	2.910.793	0	16	1,31	3	8.955.291	8.234.367	720.924
Leiklist	Danmörk	80	1.178.569	1.050.987	28.091	16	1,31	3	2.634.683	5.828.020	0
Ljósmyndun	England	80	3.154.438	2.397.293	12.822	16	1,94	3	4.858.169	5.621.110	0
Fatahönnun	Spánn	80	2.086.466	1.916.306	0	15	1,47	3	4.258.094	5.894.000	0
Flugvirkjun	Skotland	80	4.655.633	3.133.912	0	15	1,87	3	7.468.930	5.621.110	1.847.820
Hagfræði	Bandaríkin	80	3.439.054	1.028.048	2.315.077	15	1,27	3	2.655.062	5.952.177	0
Líffræði	Bandaríkin	80	3.735.250	1.625.561	1.824.605	15	1,6	3	3.582.458	5.952.177	0
Fornám	Ungverjaland	80	721.426	604.146	0	14	1,07	3	2.022.689	5.894.000	0
Hönnun	Bandaríkin	80	4.566.918	3.011.492	570.041	13	2,31	3	5.190.749	5.952.177	0
Leikhúsræði	England	80	4.787.791	3.215.521	27.616	13	1,92	3	7.437.772	5.621.110	1.816.662
*Kaospilot	Danmörk	80	1.712.569	1.613.850	0	12	1,83	3	2.807.490	5.828.020	0

Eins og sjá má í töflunni þá duga námslánin nemendum í 18 af 25 námsgreinum grunnnámi sem birtar eru í töflunni. Áætlað er að námslán LÍN dugi fyrir skólagjöldum 72% þeirra nemenda sem stunda grunnnám. Í þeim tilvikum þar sem námslán LÍN dugar ekki fyrir skólagjöldum þurfa nemendur að meðaltali að leggja 1,7 m.kr. umfram námslán og styrki til að dekkja skólagjöldin.



Þeir nemendur sem leggja stund á tónlistarnám í Bandaríkjunum þurfa að greiða hæsta fjárhæð umfram námslán til að dekkja skólagjöld á námsferlinum meðal 25 fjölmennustu greinanna í grunnnámi. Næst þar á eftir koma þeir nemendur sem stunda nám í flugvirkjun í Skotlandi sem þurfa að leggja til 1,8 m.kr.

Í töflu 2-6 er yfirlit yfir 25 fjölmennustu námsgreinarnar í meistaranámi.

**Tafla 2-6. Skólagjöld og hámark námslána í meistaranámi erlendis, 25 fjölmennustu greinarnar**

Námsgrein	Land	Náms- stig	Skóla- gjöld	Afgreidd lán	Styrkur	Fjöldi nem.	Fjöldi ára í námi	Áætl.lengd náms	Áætl.skóla gj.náms	Hámark	Áætl. mism.
Lögfræði	Bandaríkin	81	6.273.629	4.154.769	1.116.434	32	1	1	5.157.195	5.952.177	0
Verkfræði	Bandaríkin	81	4.669.490	4.057.416	97.064	26	1,38	2	6.626.703	5.952.177	674.526
Viðskiptafræði	Bandaríkin	81	4.892.325	2.922.183	894.446	18	1,28	2	6.246.686	5.952.177	294.509
Sálarfræði	Holland	81	298.190	218.852	0	16	1,12	2	532.483	5.894.000	0
Hagfræði	England	81	3.418.502	2.881.361	177.953	14	1,14	2	2.842.587	5.621.110	0
Lögfræði	England	81	2.773.057	2.270.380	48.357	14	1	1	2.724.700	5.621.110	0
Sálarfræði	Bandaríkin	81	3.427.802	2.411.135	694.317	13	1,69	2	3.234.894	5.952.177	0
Verkfræði	England	81	2.757.989	2.366.058	0	13	1	1	2.757.989	5.621.110	0
Tónlist	Holland	81	425.927	321.653	0	12	1,58	2	539.149	5.894.000	0
Verkfræði	Holland	81	512.164	384.534	0	12	1,92	2	533.504	5.894.000	0
Lögfræði	Holland	81	816.386	658.655	0	11	1	2	1.632.772	5.894.000	0
Viðskiptafræði	England	81	4.597.412	3.011.471	421.490	11	1,09	1	3.831.121	5.621.110	0
Lögfræði	Skotland	81	2.626.946	1.951.264	0	10	1	2	5.253.892	5.621.110	0
Stjórnmálafræði	England	81	2.988.482	2.658.847	82.060	10	1	1	2.906.422	5.621.110	0
Arkitektúr	England	81	2.332.171	1.925.717	313.674	8	1,5	1	1.345.664	5.621.110	0
Hönnun	England	81	2.196.900	1.714.900	155.145	8	1,5	1	1.361.170	5.621.110	0
Sálarfræði	England	81	2.535.423	2.308.938	64.109	8	1	1	2.471.314	5.621.110	0
Verkfræði	Skotland	81	2.989.805	2.552.322	205.150	8	1,12	2	4.972.598	5.621.110	0
Heimspæki	England	81	1.991.245	1.802.975	96.714	7	1	1	1.894.531	5.621.110	0
Kvikmyndagerð	Bandaríkin	81	7.912.578	2.967.528	1.814.768	7	1,43	2	8.528.405	5.952.177	2.576.228
Myndlist	Bandaríkin	81	6.336.109	4.792.958	19.281	7	1,57	2	8.046.914	5.952.177	2.094.737
Stjórnmálafræði	Skotland	81	2.765.129	2.547.260	0	7	1	2	5.530.258	5.621.110	0
Stjórnumun	England	81	2.632.075	2.015.863	234.457	7	1	1	2.397.617	5.621.110	0
Tölvunarfræði	England	81	3.327.269	2.712.552	0	7	1	1	3.327.269	5.621.110	0
Verkfræði	Sviss	81	231.109	111.457	0	7	1,71	2	270.303	8.234.367	0

Eins og sjá má í töflu 2-6 þá duga námslámin nemendum í 21 af 25 námsgreinum. Áætlað er að námslán LÍN dugi fyrir skólagjöldum 86% þeirra námsmanna sem eru í meistaranámi. Í þeim tilvikum þar sem námslán LÍN dagar ekki fyrir skólagjöldum þurfa nemendur að meðaltali að leggja til rúmlega 1,3 m.kr. umfram námslán og styrki til að dekkja skólagjöldin.

Þeir námsmenn sem leggja stund á nám í kvikmyndagerð í Bandaríkjunum þurfa að greiða hæsta fjárhæð umfram námslán til að dekkja skólagjöld á námsferlinum meðal 25 fjölmennustu greinanna í meistaranámi.

Í töflu 2-7 er yfirlit yfir 18 fjölmennustu námsgreinarnar í öðru námi en grunnnámi eða meistaranámi. Í þeim tilvikum er ýmist um að ræða grunnnám sem lýkur með meistargráðu, meistaranám sem lýkur með doktorsgráðu eða doktorsnám. Aðeins er um 18 greinar að ræða þar sem 2 eða fleiri nemendur leggja stund á viðkomandi námsgrein í viðkomandi landi.

**Tafla 2-7. Skólagjöld og hámark námslána í meistaranámi erlendis, 18 fjölmennustu greinarnar**

Námshgrein	Land	Námsstígr	Skólagjöld	Afgreidd lán	Styrkur	Fjöldi nem.	Fjöldi ára í námi	Áætl.lengd náms	Áætl.skólagj.náms	Hámark	Áætl. mism.
Læknisfræði	Ungverjaland	83	3.886.013	3.484.671	0	127	2,72	6	8.572.087	7.393.999	1.178.088
Læknisfræði	Slóvakía	83	2.107.425	1.847.656	0	69	1,51	6	8.373.875	7.393.999	979.876
Dýralækningar	Ungverjaland	83	2.428.328	2.127.906	0	6	1,83	6	7.961.731	7.393.999	567.732
Hnykkilækningar	Bandaríkin	83	5.375.180	3.534.864	1.123.063	6	2,67	6	9.555.320	6.772.773	2.782.547
Dýralækningar	Slóvakía	83	1.966.386	1.826.109	0	5	1,6	6	7.373.947	7.393.999	0
Sálarfræði	Bandaríkin	82	5.702.833	2.087.392	2.620.982	5	2	3	4.622.776	5.952.177	0
Tannlækningar	Ungverjaland	83	2.993.599	2.886.255	0	4	2	6	8.980.798	7.393.999	1.586.799
Læknisfræði	Pólland	83	4.101.242	3.718.279	0	3	3	6	8.202.483	7.393.999	808.484
Félagsfræði	England	82	2.653.308	2.453.286	0	2	1,5	3	5.306.615	5.621.110	0
Hjúkrunarfræði	Bandaríkin	82	1.575.572	1.163.171	236.400	2	1	3	4.017.517	5.952.177	0
Hótelrekstrarfræði	Sviss	84	2.397.528	2.339.873	0	2	1	5	11.987.640	8.234.367	3.753.273
Læknisfræði	Króaía	83	1.031.450	959.838	0	2	1	6	6.188.700	7.393.999	0
Lögfræði framhaldsnám	Ítalía	82	2.652.300	2.061.279	0	2	1,5	3	5.304.600	5.894.000	0
Mannfræði	Kanada	82	527.873	468.710	0	2	1	3	1.583.619	6.245.868	0
Sjúkraþjálfun	Ungverjaland	83	664.401	430.925	0	2	1	6	3.986.407	7.393.999	0
Stærðfræði	Bandaríkin	82	2.861.904	977.048	476.984	2	1	3	7.154.760	5.952.177	1.202.583
Tónsmíðar	Eistland	82	606.345	454.501	0	2	1,5	3	1.212.691	5.894.000	0
Viðskiptafræði	England	82	1.261.673	1.188.434	0	2	1,5	3	2.523.345	5.621.110	0

Eins og sjá má í töflunni þá duga námslánin nemendum í 10 af 18 „fjölmennustu“ námsgreinunum í námi öðru en grunn- eða meistaranámi. Áætlað er að námslán LÍN dugi fyrir skólagjöldum 23% þeirra nemenda sem stunda grunnám. Í þeim tilvikum þar sem námslán LÍN dugar ekki fyrir skólagjöldum þurfa nemendur að meðaltali að leggja 1,4 m.kr. umfram námslán og styrki til að dekka skólagjöldin.

Nemendur sem leggja stund á hótelrekstrarfræði í Sviss þurfa að greiða hæstu fjárhæð umfram námslán til að dekka skólagjöld á námsferlinum eða tæplega 3,8 m.kr. á námsferlinum. Næst þar á eftir koma þeir nemendur í hnykkilækningum í Bandaríkjunum sem þurfa að leggja til tæplega 2,8 m.kr. yfir námsferilinn.

## 2.4 Sögur námsmanna erlendis

Eins og greint var frá í kafla 2.3 má fá annars konar mat með því að skoða skólagjöld námsmanna fyrir hvert námsár. Í þessum kafla er gerð slík greining fyrir sex fjölmennustu námsgreinarnar skv. töflu 2-4 auk myndlistarnáms í Hollandi og hagfræðináms í Englandi<sup>4</sup>. Mismunur þeirrar aðferðar sem hér er gerð og þeirri sem birt er í töflu 2-4 er að hér er notast við meðaltal hvers árs en í töflu 2-4 er miðað við meðaltal uppsafnaðra skólagjalda allra námsferla á gagnatímabilinu.

Í töflu 2-8 má sjá sundurliðun á skólagjöldum námsmanna í læknisfræði í Ungverjalandi. Þar sem gagnatímabilið er fimm ár en námið sex ár að lengd, þá vantar eitt ár upp á til að geta borið samtölu við hámark skólagjaldalána. Notast er við áætlun sem byggir á nýjustu skólagjöldum til að áætla fyrir það tímabil sem upp á vantar.

**Tafla 2-8. Nám í læknisfræði í Ungverjalandi**

Námsár	Skólagjöld	Afgr. lán	Styrkur	Fjöldi í námi
2010	1.275.443	1.233.449	-	65
2011	1.196.970	1.119.483	-	73
2012	1.455.642	1.292.335	-	76
2013	1.570.590	1.335.652	-	76
2014	1.665.131	1.445.175	-	56
<b>Áætlað</b>	<b>1.665.131</b>	<b>967.906</b>		
<b>Samtals</b>	<b>8.828.908</b>			
<b>Hámark</b>		<b>7.393.999</b>		
<b>Áætlaður mismunur</b>		<b>1.434.909</b>		

<sup>4</sup> Athugun á myndlistarnámi í Hollandi og hagfræðinámi í Englandi er gerð að beiðni LÍN.

Eins og sjá má eru samanlögð skólagjöld að meðaltali 8,8 m.kr. fyrir skólagjaldaárin sex sem er 1,4 m.kr. umfram hámark skólagjaldalána LÍN til náms í Ungverjalandi. Til samanburðar var áætlað að hver nemandi þyrfti að leggja til 1,2 m.kr. í þeirri greiningu sem birt var í töflu 2-4.

Í töflu 2-9 má sjá yfirlit yfir skólagjöld og námslán vegna náms í flugvirkjun í Grikklandi. Námið er þrjú ár og því miðað við skólagjöld síðustu þriggja ára.

**Tafla 2-9. Nám í flugvirkjun á Grikklandi**

Námsár	Skólagjöld	Afgr. lán	Styrkur	Fjöldi í námi
2010	442.050	400.055	-	1
2011	2.019.170	1.928.184	-	31
2012	1.816.161	1.577.393	-	51
2013	2.271.941	2.335.984	-	30
2014	1.100.601	1.003.815	-	20
<b>Samtals</b>	5.188.703			
<b>Hámark</b>		5.894.000		
<b>Áætlaður mismunur</b>		0		

Samanlögð skólagjöld sl. þriggja ára eru 5,2 m.kr. og ná því ekki upp í hámark skólagjaldalána LÍN sem er 5,9 m.kr. Áætlaður mismunur er því enginn í þessu tilviki sem er sama niðurstaða og fékkst í greiningunni í töflu 2-4.

Í töflu 2-10 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna náms í læknisfræði í Slóvakíu. Námið er sex ár en aðeins er til þriggja ára saga. Nýjustu meðaltöl skólagjalda eru því notuð til að áætla skólagjöld næstu ára.

**Tafla 2-10. Nám í læknisfræði í Slóvakíu**

Námsár	Skólagjöld	Afgr. lán	Styrkur	Fjöldi í námi
2012	1.342.359	1.155.813	-	5
2013	1.393.024	1.301.580	-	39
2014	1.406.210	1.182.459	-	60
<i>Áætlað</i>	<i>1.406.210</i>	<i>1.251.382</i>		
<i>Áætlað</i>	<i>1.406.210</i>	<i>1.251.382</i>		
<i>Áætlað</i>	<i>1.406.210</i>	<i>1.251.382</i>		
<b>Samtals</b>	8.360.223			
<b>Hámark</b>		7.393.999		
<b>Áætlaður mismunur</b>		966.224		

Samanlögð skólagjöld yfir sex ára námsferil eru skv. þessu áætluð um 8,4 m.kr. Hámark námslána er hins vegar tæplega 7,4 m.kr. sem þýðir að nemendur í læknisfræði í Slóvakíu þurfa að meðaltali að leggja tæplega 1 m.kr. umfram námslán til að greiða skólagjöld. Greiningin í töflu 2-4 gaf svipaða niðurstöðu.

Í töflu 2-11 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna náms í leiklist á Englandi. Námið er þrjú ár og því miðað við skólagjöld síðustu þriggja ára.

**Tafla 2-11. Nám í leiklist í Englandi**

Námsár	Skólagjöld	Styrkur	Afgr. lán	Fjöldi í námi
2010	2.402.995	7.327	1.777.119	28
2011	2.630.626	9.051	1.825.075	17
2012	2.345.070	0	1.674.651	18
2013	2.640.451	0	1.858.078	12
2014	2.475.750	0	1.850.111	12
<b>Samtals</b>	7.461.271	0		
<b>Hámark</b>			5.621.110	
<b>Áætlaður mismunur</b>			1.840.161	

Samanlögð skólagjöld sl. þriggja ára eru 7,4 m.kr. en hámark skólagjaldalána LÍN er 5,6 m.kr. Áætlaður mismunur er því rúmlega 1,8 m.kr. í þessu tilviki sem er svipuð niðurstaða og fékkst í greiningunni í töflu 2-4.

Í töflu 2-12 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna grunnnáms í viðskiptafræði í Bandaríkjunum. Miðað er við þriggja ára nám.

**Tafla 2-12. Grunnám í viðskiptafræði í Bandaríkjunum**

Námsár	Skólagjöld	Styrkur	Afgr. lán	Fjöldi í námi
2010	2.051.598	827.717	1.038.102	20
2011	2.735.727	1.516.334	1.054.899	20
2012	2.877.451	1.490.017	1.255.067	21
2013	2.031.549	750.694	1.040.281	14
2014	2.407.267	485.815	1.435.348	7
<b>Samtals</b>	7.316.267	2.726.526		
<b>Hámark</b>			5.952.177	
<b>Áætlaður mismunur</b>			0	

Samanlög skólagjöld sl. tveggja ára eru 7,3 m.kr. en verða 4,6 m.kr. að frádregnum styrkjum. Námslán LÍN duga fyrir þessum skólagjöldum og er sú niðurstaða í samræmi við það sem birtist í töflu 2-4.

Í töflu 2-13 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna meistaranáms í lögfræði í Bandaríkjunum. Miðað við þær forsendur sem gefnar hafa verið í greiningunni er um tveggja ára nám að ræða og miðast skólagjöld því við meðaltal síðustu tveggja ára.

**Tafla 2-13. Meistaránám í lögfræði í Bandaríkjunum**

Námsár	Skólagjöld	Styrkur	Afgr. lán	Fjöldi í námi
2010	5.737.271	685.496	4.563.184	8
2011	6.884.280	1.079.760	4.709.733	6
2012	6.297.403	2.267.496	3.283.388	5
2013	6.869.062	995.404	4.866.715	8
2014	5.422.555	892.530	2.567.615	5
<b>Samtals</b>	5.422.555	892.530		
<b>Hámark</b>			5.952.177	
<b>Áætlaður mismunur</b>			0	

Skólagjöld árið 2014 eru 5,4 m.kr. en eru 4,5 m.kr. að teknu tilliti til styrkja. Hámark námslána er hins vegar tæplega 6 m.kr. sem þýðir að námsmenn í meistaranámi í lögfræði í Bandaríkjunum fá skólagjöld greidd að fullu með námslánnum.

Í töflu 2-14 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna náms í myndlist í Hollandi. Námið er þrjú ár en þar sem enginn virðist hafa verið í námsgreininni árið 2013 er miðað við skólagjöld árána 2011, 2012 og 2014.

**Tafla 2-14. Nám í myndlist í Hollandi**

Námsár	Skólagjöld	Afgr. lán	Styrkur	Fjöldi í námi
2010	246.369	204.374	-	2
2011	252.411	212.331	-	3
2012	260.957	206.290	-	2
2014	280.849	209.237	-	1
<b>Samtals</b>	794.217			
<b>Hámark</b>		5.894.000		
<b>Áætlaður mismunur</b>		0		

Samanlögð skólagjöld þessara þriggja ára eru 794 þús.kr. en hámark skólagjaldalána LÍN er tæplega 5,9 m.kr. Þetta þýðir að skólagjöldin duga vel fyrir náminu sem er sama niðurstaða og fékkst í greiningunni í töflu 2-4.

Í töflu 2-15 má sjá yfirlit yfir skólagjöld vegna meistaranáms í hagfræði í Englandi. Miðað er við eins árs nám.

**Tafla 2-15. Meistaránám í hagfræði í Englandi**

Námsár	Skólagjöld	Styrkur	Afgr. lán	Fjöldi í námi
2010	2.996.831	488.531	2.298.911	3
2011	2.381.928	341.917	1.991.186	3
2012	3.119.237	-	3.058.103	6
2013	1.376.967	-	1.160.944	2
2014	5.126.699	-	3.399.130	2
<b>Samtals</b>	5.126.699	-		
<b>Hámark</b>			5.621.110	
<b>Áætlaður mismunur</b>			0	

Eins og sjá má eru meðaltal skólagjalda mjög breytileg milli ára. Skólagjöldin voru að meðaltali 5,1 m.kr. í fyrra en miðað við 5,6 m.kr. hámark námslána duga námslánin fyrir skólagjöldum sem er sama niðurstaða og fékkst í greiningunni í töflu 2-4.

Miðað við ofangreint ríma þessa athuganir nokkuð vel við þær niðurstöður sem birtar voru í töflu 2-4.

### 3 Námsmenn á Íslandi

Í þessum kafla er reynt að leggja mat á það hve margir umsækjendur um skólagjaldalán vegna náms á Íslandi fá ekki að fullu lánað fyrir skólagjöldum á námsferlinum vegna hámarks á skólagjöld. Þá er jafnframt reynt að leggja mat á það hversu mikið umsækjendur þurfa að meðaltali að greiða í skólagjöld umfram hámark úthlutunar í þeim tilvikum þar sem skólagjöld eru umfram námslán.

#### 3.1 Fjölsóttasta nám á meðal umsækjenda um skólagjaldalán á Íslandi

Tafla 3-1 er uppsett með sama hætti og tafla 2-4. Í töflunni má sjá meðaltal uppsafnaðra skólagjalda, afgreiddra lána og styrkja yfir námsferil umsækjenda um skólagjaldalán í tilteknu námi eftir námsstigi. Í töflunni eru birtar 50 fjölmennustu námsgreinarnar meðal umsækjenda og er námsgreinum raðað eftir fjölda nemenda þar sem fjölmennasta námsgreinin er efst. Fjöldi nemenda í 50 fjölmennustu námsgreinunum er 3.533 eða 98,2% umsækjenda um skólagjaldalán á Íslandi.

Taflan er sundurliðuð eftir námsstigi og námsgrein. Í töflunni má einnig sjá áætluð skólagjöld námsferils miðað við gefnar forsendur um lengd náms. Fjárhæðin er áætluð út frá meðal skólagjöldum á ári margfaldað með áætlaðri lengd námsins. Þá er í aftasta dálki töflunnar birt áætluð meðalfjárhæð sem námsmaður í hverri námsgrein þarf að greiða umfram hámark námslána. Fjárhæðin er mismunur áætlaðra skólagjalda og hámarks námsláns.

**Tafla 3-1. Skólagjöld og hámark námslána á Íslandi, 50 fjölmennustu námsgreinar**

Námsgrein	Land	Námsstig	Skólagjöld	Afgreidd lán	Styrkur	Fjöldi nem.	Fjöldi ára í námi	Áætl.lengd náms	Áætl.skóla gj.náms	Hámark	Áætl. mism.
Frumgr./félagsvísindi	Ísland	80	410.775	335.284	0	397	1,25	3	985.860	3.500.000	0
MBA-nám	Ísland	81	2.268.230	1.870.972	0	224	1,53	2	2.965.006	3.500.000	0
Frumgr./raunvísindi	Ísland	80	562.316	477.465	0	209	1,26	3	1.338.847	3.500.000	0
Viðskiptafræði	Ísland	80	721.880	603.642	0	200	1,37	3	1.580.760	3.500.000	0
Snyrtifræði	Ísland	80	1.499.963	1.222.710	0	184	1,48	3	3.040.465	3.500.000	0
Flugnám	Ísland	80	2.298.152	1.239.709	0	159	1,31	3	5.262.944	3.500.000	1.762.944
Flugvirkjun	Ísland	80	2.549.589	1.989.750	0	149	1,83	3	4.179.655	3.500.000	679.655
Verkefnastjórnun	Ísland	81	1.907.857	1.641.330	0	140	1,61	2	2.370.009	3.500.000	0
Kvikmyndagerð	Ísland	80	1.084.148	938.626	0	135	1,01	3	3.220.242	3.500.000	0
Lögfræði	Ísland	81	981.419	751.676	8.555	124	1,46	2	1.332.690	3.500.000	0
Viðskiptalögfræði	Ísland	80	1.049.964	929.126	0	124	1,83	3	1.721.253	3.500.000	0
Viðskiptafr./fjarnám	Ísland	80	977.118	816.047	0	122	1,74	3	1.684.687	3.500.000	0
Frumgr./viðskiptad.	Ísland	80	478.750	384.883	0	119	1,38	3	1.040.761	3.500.000	0
Frumgreinar-staðnám	Ísland	80	451.383	382.395	0	88	1	3	1.354.150	3.500.000	0
Frumgr./hugvísindi	Ísland	80	440.322	359.136	0	83	1,2	3	1.100.806	3.500.000	0
Einkabjálffari	Ísland	80	569.003	440.612	0	76	1	3	1.707.010	3.500.000	0
HHS	Ísland	80	856.722	734.062	0	72	1,54	3	1.668.939	3.500.000	0
Ljósmyndun	Ísland	80	1.948.986	1.686.705	0	71	1,79	3	3.266.457	3.500.000	0
Margmiðunarbraut	Ísland	80	298.934	219.843	0	66	1,27	3	706.144	3.500.000	0
Menningarstjórnun	Ísland	81	757.007	605.142	0	59	1,46	2	1.036.996	3.500.000	0
Hljóðupptaka	Ísland	80	459.655	364.635	0	58	1,43	3	964.312	3.500.000	0
Alþjóðaviðskipti	Ísland	81	740.285	598.436	0	54	1,3	2	1.138.900	3.500.000	0
Verkfræði	Ísland	81	637.477	545.077	3.633	49	1,14	2	1.112.008	3.500.000	0
Frumgr./fullt fjarnám	Ísland	80	500.617	427.590	0	48	1,02	3	1.472.402	3.500.000	0
Forysta og stjórnun	Ísland	81	652.178	489.566	0	46	1,02	2	1.278.781	3.500.000	0
Fótáæðgerðafræði	Ísland	80	1.471.938	1.279.017	0	45	1,51	3	2.924.380	3.500.000	0
Fjölskyldumeðferð	Ísland	81	716.875	602.227	0	40	1,35	2	1.062.037	3.500.000	0
Tölvunarfræði	Ísland	80	353.916	261.949	0	38	1,08	3	983.100	3.500.000	0
Viðskiptafræði	Ísland	81	611.781	496.461	0	35	1,14	2	1.073.300	3.500.000	0
Flugumferðarstjórn	Ísland	80	1.250.345	1.009.885	0	29	1	3	3.751.034	3.500.000	251.034
Ævintýraleiðsögn	Ísland	80	1.333.914	1.089.079	0	20	1	3	4.001.741	3.500.000	501.741
Frumgreinar	Ísland	80	123.789	57.118	0	19	1	3	371.368	3.500.000	0
Byggingafræði	Ísland	80	336.912	265.441	0	17	1,29	3	783.516	3.500.000	0
Lögfræði	Ísland	80	365.489	296.577	0	17	1,06	3	1.034.402	3.500.000	0
Viðskiptafræði/vinna	Ísland	80	492.794	387.176	0	17	1,29	3	1.146.033	3.500.000	0
Fjármál fyrirtækja	Ísland	81	849.055	584.845	0	16	1,19	2	1.426.983	3.500.000	0
Heilbrigðisverkfræði	Ísland	80	441.012	287.432	0	16	1,06	3	1.248.147	3.500.000	0
Hljóðfærakennaranám	Ísland	80	658.244	565.084	0	16	1,25	3	1.579.785	3.500.000	0
Iðnfræði / fullt nám	Ísland	80	219.688	174.688	0	16	1,12	3	588.449	3.500.000	0
Tölvufræði	Ísland	80	233.156	199.656	0	16	1,06	3	659.876	3.500.000	0
Hátækniverkfræði	Ísland	80	294.833	178.200	0	15	1	3	884.500	3.500.000	0
Sálarfræði	Ísland	80	357.688	273.471	0	15	1	3	1.073.063	3.500.000	0
Orkuvísindi	Ísland	81	1.150.643	1.038.200	0	14	1,57	2	1.465.787	3.500.000	0
Íþróttfræði	Ísland	81	646.115	500.615	0	13	1,08	2	1.196.510	3.500.000	0
Hársnyrtiðn	Ísland	80	1.233.333	1.130.639	0	12	1	3	3.700.000	3.500.000	200.000
Jákvæð sálfræði	Ísland	81	850.000	633.668	37.273	11	1	2	1.625.455	3.500.000	0
Meistaránám almennt	Ísland	80	214.032	169.188	0	11	1,45	3	442.825	3.500.000	0
Alþjóðfræði	Ísland	80	1.146.520	982.130	0	10	2,2	3	1.563.436	3.500.000	0
Menningarfræði	Ísland	81	601.100	554.600	0	10	1	2	1.202.200	3.500.000	0
Íþróttfræði	Ísland	80	250.222	164.778	0	9	1	3	750.667	3.500.000	0

Í töflunni sést að áætluð skólagjöld yfir námsferil námsmanna eru almennt undir hámarki samkvæmt úthlutunarreglum. Þannig duga skólagjöldin fyrir 45 af 50 fjölmennustu námsgreinunum. Um 90% umsækjanda um skólagjaldalán geta vænst þess að fá að fullu lánað fyrir skólagjöldum. Nemendur í flugnámi, flugvirkjun, flugumferðarstjórn, ævintýraleiðsögn og hársnyrtiðn fá hins vegar skólagjöld ekki að fullu greidd með námslánnum LÍN. Í þeim tilvikum þar sem námslán LÍN dugur ekki fyrir skólagjöldum þurfa nemendur að meðaltali að leggja um 1,1 m.kr. umfram námslán og styrki til að dekkja skólagjöldin.

Nemendur í þeim námsgreinum sem birtar eru í töflunni hér að ofan, sem þurfa að leggja fram mesta fjármuni til að dekkja skólagjöld umfram þá fjárhæð sem lánuð er af LÍN eru þeir sem stunda flugnám. Nemendur í flugnámi þurfa að meðaltali að leggja til tæplega 1,8 m.kr. yfir námsferilinn til að dekkja skólagjöld vegna námsins. Í töflunni má sjá að í því tilviki er um 159 nemendur að ræða. Næst á eftir koma nemendur í flugvirkjun sem þurfa að leggja til tæplega 680 þús.kr. yfir námsferilinn umfram námslán LÍN.

#### 4 Könnun á meðal lánasjóða á Norðurlöndunum

Í þeim tilgangi að varpa ljósi á fyrirkomulag skólagjaldalána á Norðurlöndunum þá sendi LÍN könnun til annarra norrænna námslána sjóða. Þó svo að fyrirkomulag við úthlutun á styrkjum og lánum sé afar mismunandi á milli lána sjóða á Norðurlöndum þá má nálgast samanburð á úthlutun miðað við námsmann í meistaranámi í töflu 4-1.

**Tafla 4-1. Svar lána sjóða á Norðurlöndunum við könnun. Fjárhæðir í töflunum miða við námsmann í meistaranámi og eru umreiknaðar í ISK.**

	Danmörk	Grænland	Finnland	Noregur	Færeyjar	Ísland
1. Hvert er hámark láns/styrks sem námsmaður getur fengið fyrir skólagjöldum						
a. á ári hverju?	3.894.243	1.185.360	1.372.990	2.108.675	2.370.720	8.234.367
b. í heild?						8.234.367
2. Hversu margir námsmenn eru við nám						
a. í þínu landi?	270.800	2.465	159.620	364.000	911	9.700
b. í erlendu landi?	4.400	555	6.853	28.000	1.649	2.100
3. Hversu margir námsmenn fá lán/styrk fyrir skólagjöldum						
a. í þínu landi?	800	-	-	37.200	-	974
b. í erlendu landi?						877
4. Hver er sú hámarksfjárhæð sem námsmenn fengið						
a. í þínu landi						
i. í lán?	-	-	530.460	1.030.473	-	3.500.000
ii. í styrk?	-	-	444.685	-	-	-
b. í erlendu landi						
i. í lán?	1.866.942	-	928.305	1.353.805	1.185.360	8.234.367
ii. í styrk?	2.027.301	-	444.685	754.870	1.185.360	-
5. Hvert er hlutfall námsmanna sem fær hámarks lán/styrk samkvæmt reglum lána sjóðsins?						
6. Hversu margir íslenskir námsmenn fá lán/styrk fyrir skólagjöldum?	6	-	-	85	-	-

Í töflu 4-1 sést að samtala láns og styrks sem námsmaður getur fengið á ári hverju er hæst í Danmörku. Fyrirkomulag lána sjóðsins í Danmörku varðandi úthlutun lána/styrks til námsmanna erlendis er frábrugðið úthlutunarreglum LÍN.

Sá styrkur sem námsmaður getur t.d. fengið í Danmörku (udlandsstipendium) er mismunandi eftir því hvað viðkomandi er að læra. Ennfremur fá námsmenn eingöngu styrk ef námsstig jafngildir meistaranámi eða doktorsnámi í Danmörku. Námsmaður getur fengið lán sem gengur upp í skólagjöld ef styrkur dugur ekki til en lán fyrir skólagjöldum í Danmörku sem getur að hámarki orðið 2,0 m.kr. (102.617 DKK).

Lána sjóðurinn í Noregi veitir samtals styrk og lán að fjárhæð 2.1 m.kr. (123.083 NOK) til námsmanna erlendis. Þar sem skipting láns og styrks er mismunandi eftir því hvort um er að ræða grunnám.

meistaránám eða doktorsnám. Hlutfallslega er veittur styrkur mestur til námsmanna í meistaránámi eða um 755 þús.kr. (44.062 NOK) á hverju ári. en aftur á móti fær námsmaðurinn lán að fjárhæð 1,4 m.kr. (79.022 NOK). Námsmaður erlendis í grunnnámi á hins vegar rétt á styrk að fjárhæð 539 þús.kr. (31.473 NOK) á ári hverju á móti 1,6 m.kr. (91.611 NOK) í lán. Eins og sést í töflu 4-1 er skólagjaldastuðningur lánasjóðsins í Noregi í formi láns og styrks um 2.1 m.kr. (123.083 NOK) ár hvert.

## 5 Niðurstöður

Markmið athugunarinnar er meðal annars að skoða hlutfall þeirra sem geta ekki fengið lán fyrir námi sínu að fullu. Í töflu 6-1 í viðauka má sjá fjölda og hlutfall þeirra sem eru yfir hámarki skólagjaldalána í hverju landi. Samantekt á niðurstöðum athugunarinnar er birt í töflu 5-1. Síndar eru niðurstöður fyrir námsmenn á Íslandi og námsmenn erlendis og síðan er námsmönnum erlendis skipt eftir námsstigum þ.e. í grunnnám, meistaránám og annað nám. Til annars náms telst grunnnám sem lýkur með meistaragráðu, meistaránám sem lýkur með doktorsgráðu og doktorsnám.

**Tafla 5-1 Fjöldi námsmanna yfir hámarki skólagjaldalána frá lánasjóðnum og meðalfjárhæð yfir hámarki**

	Fjöldi undir hámarki	Hlutfall	Heildar-fjöldi	Fjöldi yfir hámarki	Hlutfall	Meðaltal - yfir hámarki
<b>Námsmenn erlendis</b>	2.085	72%	2.908	823	28%	1.542.346
...í grunnnámi	1.201	72%	1.661	460	28%	1.697.475
...í meistaránámi	815	86%	944	129	14%	1.334.592
...í öðru námi	69	23%	303	234	77%	1.351.922
<b>Námsmenn á Íslandi</b>	3.402	90%	3.775	373	10%	1.108.794
<b>Allir námsmenn</b>	5.487	82%	6.683	1.196	18%	1.407.133

Eins og sjá má í töflunni duga námslán LÍN fyrir skólagjöldum 72% nemenda erlendis. Þau 28% sem ekki fá skólagjöld greidd að fullu með námslánunum þurfa að meðaltali að greiða rúmlega 1,5 m.kr. umfram námslán á námsferlinum. Námslánin duga fyrir skólagjöldum í 34 af 50 fjölmennustu námsgreinum erlendis.

Hlutfall þeirra sem fá að fullu greitt fyrir skólagjöldum með lánunum frá LÍN er 72% í grunnnámi og 86% í meistaránámi. Hlutfallið er hins vegar 23% í öðru námi. Í þeim tilvikum er oftast um að ræða lengri námsferla, einkum lækisfræði sem er sex ára nám.

Um 90% þeirra sem sækja um skólagjaldalán á Íslandi geta greitt skólagjöld sín að fullu með skólagjaldaláni frá LÍN. Hins vegar þurfa 10% nemenda að greiða að meðaltali um 1,1 m.kr. upp í skólagjöld fyrir utan lán frá sjóðnum. Námslánin duga fyrir skólagjöldum í 45 af 50 fjölmennustu námsgreinum hérlandis. Nemendur í flugnámi, flugvirkjun, flugumferðarstjórn, ævintýraleiðsögn og hársnyrtiðn fá hins vegar skólagjöld ekki að fullu greidd með námslánunum LÍN.

Hlutfall allra námsmanna hérlandis og erlendis sem fá að fullu lánað fyrir skólagjöldum er 82%. Þau 18% sem ekki fá skólagjöld greidd að fullu með námslánunum þurfa að meðaltali að greiða tæplega 1,4 m.kr. umfram námslán á námsferlinum.

### 5.1 Seinni áfangi verkefnisins – greining á útfærslum á hámarki skólagjaldalána

Í framhaldi af þeirri greiningu sem hér hefur verið birt má skoða hvaða möguleikar séu fyrir hendi við útfærslu á hámarki skólagjaldalána LÍN. Einnig mætti skoða hvernig niðurstöður greiningarinnar breytast miðað við aðrar reglur um hámark skólagjaldalána. Þ.e.miðað við mismunandi sviðmyndir.

Sem dæmi má nefna:



- Útfærslu hámarks skólagjaldalána í samræmi við reglur lánasjóða á Norðurlöndunum.
- Hámark í íslenskum krónum uppfært miðað við verðlag hvert ár. Til dæmis má skoða hvaða áhrif það hefði á niðurstöður greiningarinnar ef notast yrði við samræmt hámark milli landa eða myntsvæða.
- Skoða það heildarhámark í hverju landi sem nýtist flestum nemendum til að greiða námið að fullu miðað við óbreytta úthlutun fjármuna.

Hér eru aðeins taldar upp nokkrar hugmyndir um það hvaða greiningar unnt er að framkvæma sé áhugi fyrir að taka upp slíka athugun.

## 6 Viðauki – Fjöldi námsmanna yfir hámarki námslána í hverju landi

Tafla 6-1. Áætlaður fjöldi þeirra sem er yfir hámarki skólagjaldalána.

Land	Fjöldi umsækjenda um skólagjaldalán	Fjöldi yfir hámarki	Hlutfall
Argentína	1		0%
Ástralía	59	3	5%
Austurríki	24		0%
Bandaríkin	706	295	42%
Belgía	20		0%
Bosnia	2		0%
Brasilía	1		0%
Chile	2		0%
Danmörk	114	3	3%
Eistland	4		0%
Ekvador	1		0%
England	594	185	31%
Filippseyjar	1		0%
Finnland	1		0%
Frakkland	37	4	11%
Grikkland	74		0%
Holland	246		0%
Írska lýðveldið	17		0%
Ísland	3.775	373	10%
Ítalía	89	1	1%
Jamaíka	1		0%
Japan	8		0%
Kanada	104	15	14%
Kína	8	1	13%
Kosta Ríka	2	2	100%
Króatía	3		0%
Malasía	1		0%
Mexíkó	1		0%
Mónakó	1		0%
Noregur	30	1	3%
Nýja-Sjáland	9	2	22%
Perú	1		0%
Pólland	8	3	38%
Portúgal	2		0%
Rússland	2		0%
S-Kórea	6	1	17%
Sameinuðu arabísku f.	3		0%
Singapúr	4	2	50%
Skotland	146	52	36%
Slóvakía	76	69	91%
Slóvenía	1		0%
Spánn	153	8	5%
Suður-Afríka	1		0%
Sviss	59	21	36%
Svíþjóð	18	3	17%
Tæland	1		0%
Tékkland	15	11	73%
Ungverjaland	164	137	84%
Wales	8		0%
Þýskaland	79	4	5%
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>6.683</b>	<b>1.196</b>	<b>18%</b>

## 7 Viðauki - Námsmenn í Bandaríkjunum, Englandi og Hollandi

### 7.1 Greining á námsgrein og námsstigi nemenda í fullu námi og hlutanámi í Bandaríkjunum, Englandi og Hollandi

**Tafla 7-1. Fjölsóttustu námsgreinar í Bandaríkjunum á meðal umsækjenda skólagjaldalána**

Námsgrein	Náms- stig	Skólagjöld (m.kr.)	Styrkur (m.kr.)	Námslán (m.kr.)	Mismunur (m.kr.)	Fjöldi	Skólagj.á nemanda	Lán á nemanda	Láns- hlutfall
Viðskiptafræði	80	201	92	93	17	44	2.485.994	2.109.722	85%
Lögfræði	81	201	36	133	32	32	5.157.195	4.154.769	81%
Tónlist	80	149	25	76	49	26	4.792.660	2.911.999	61%
Verkfræði	81	121	3	105	13	26	4.572.425	4.057.416	89%
Leiklist	80	111	24	68	18	25	3.461.522	2.724.342	79%
Verkfræði	80	97	37	39	21	19	3.160.664	2.040.633	65%
Viðskiptafræði	81	88	16	53	19	18	3.997.879	2.922.183	73%
Hagfræði	80	52	35	15	1	15	1.123.976	1.028.048	91%
Líffræði	80	56	27	24	4	15	1.910.644	1.625.561	85%
Hönnun	80	59	7	39	13	13	3.996.877	3.011.492	75%

**Tafla 7-2. Fjölsóttustu námsgreinar á Englandi á meðal meðal umsækjenda skólagjaldalána**

Námsgrein	Náms- stig	Skólagjöld (m.kr.)	Styrkur (m.kr.)	Námslán (m.kr.)	Mismunur (m.kr.)	Fjöldi	Skólagj.á nemanda	Lán á nemanda	Láns- hlutfall
Leiklist	80	216	0	155	60	48	4.484.399	3.238.075	72%
Hljóðupptaka	80	53	0	45	8	21	2.529.343	2.161.695	85%
Hönnun	80	68	0	50	17	20	3.360.131	2.500.409	74%
Ljósmyndun	80	50	0	38	12	16	3.141.616	2.397.293	76%
Hagfræði	81	48	2	40	5	14	3.240.549	2.881.361	89%
Lögfræði	81	39	1	32	6	14	2.724.700	2.270.380	83%
Leikhúsfræði	80	62	0	42	20	13	4.760.174	3.215.521	68%
Verkfræði	81	36	0	31	5	13	2.757.989	2.366.058	86%
Viðskiptafræði	81	51	5	33	13	11	4.175.922	3.011.471	72%
Fagrar listir	80	34	1	26	7	10	3.348.725	2.645.368	79%

**Tafla 7-3. Fjölsóttustu námsgreinar í Hollandi á meðal umsækjenda skólagjaldalána**

Námsgrein	Náms- stig	Skólagjöld (m.kr.)	Styrkur (m.kr.)	Námslán (m.kr.)	Mismunur (m.kr.)	Fjöldi	Skólagj.á nemanda	Lán á nemanda	Láns- hlutfall
Myndlist	80	11	0	8	2	21	508.407	396.736	78%
Tónlist	80	11	0	8	2	20	530.725	415.719	78%
Hljóðupptaka	80	24	0	22	3	17	1.435.908	1.283.453	89%
Sálarfræði	81	5	0	4	1	16	298.190	218.852	73%
Tónlist	81	5	0	4	1	12	425.927	321.653	76%
Verkfræði	81	6	0	5	2	12	512.164	384.534	75%
Lögfræði	81	9	0	7	2	11	816.386	658.655	81%
Sönglist	80	5	0	4	1	8	671.713	529.557	79%
Hagfræði	81	2	0	1	0	6	269.626	211.202	78%
Hljóðfæraleikur	80	3	0	2	0	5	512.189	418.562	82%